

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-57/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á notaðri túrbínu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur sem nema tjóni hans vegna gallans.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 24. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 23. nóvember. Með bréfi, dags. 3. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 22. desember. Með bréfi, dags. 8. janúar, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 22. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. maí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að í lok ágúst 2014 keypti álitsbeiðandi notaða túrbínu af seljanda fyrir kr. 69.000. Hinn 4. maí 2015 var túrbínan síðan sett í bifreið álitsbeiðanda, sem er af gerðinni M-Benz E220, árgerð 2005. Tekur álitsbeiðandi fram að ekkert hafði verið átt við túrbínuna fyrir þann tíma af hans hálfu og var hún tekin beint upp úr kassanum við útskiptin. Strax að viðgerð lokinni komi í ljós að túrbínan var gölluð. Segist álitsbeiðandi hafa sett sig í samband við seljanda sem hafi bent á að skilafrestur á keyptum varahlutum væri aðeins 14 dagar og sá frestur væri löngu liðinn. Segir álitsbeiðandi að hann hafi reynt að benda á að hann hefði ekki opnað kassann með túrbínunni fyrr en hinn 4. maí 2015. Í framhaldinu pantaði seljandi nýja túrbínu fyrir álitsbeiðanda, honum að kostnaðarlausu, en krafði álitsbeiðanda hins vegar um greiðslu á sendingarkostnaði og tollgreiðslum. Segist álitsbeiðandi ekki sáttur við þá niðurstöðu og krefst þess að seljandi greiði sér kr. 49.000 fyrir útlögðum kostnaði vegna gallans, þ.e. sendingarkostnað, toll, auk verkstæðiskostnaðar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, er rakin 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup um frest neytenda til að tilkynna seljanda að hann beri fyrir sig galla á söluhlut. Er rakið að umræddur frestur sé aldrei styttri en 2 mánuðir frá því neytandi varð galla var. Umræddur varahlutur hafi borist álitsbeiðanda hinn 28. ágúst 2014. Hann hafi hins vegar ekki tilkynnt seljanda um meintan galla á varahlutnum fyrr en 19. júlí 2015, þ.e. tæpum 10 mánuðum síðar. Bendir lögmaður seljanda og á að engin sönnun né gögn liggi fyrir um að söluhluturinn sé haldinn galla. Seljandi hafi þó útvegað nýjan varahlut og telur lögmaður seljanda, með vísan til 31. gr. laganna, að seljandi hafi þannig bætt úr meintum galla og sinnt sínum skyldum. Er því mótmælt að seljandi þurfi að greiða útlagðan kostnað skv. kröfugerð

álitsbeiðanda, enda ósannað að varahluturinn hafi verið gallaður, en að auki hafi álitsbeiðanda verið kunnugt um skilmála seljanda við kaupin og mátt vera ljóst að félagið ábyrgðist ekki þann kostnað sem tilgreindur er í álitsbeiðni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum aðila, auk afrits af reikningi verkstæðis, dags. 4. maí 2015 að fjárhæð kr. 30.000 og afriti af millifærslu frá álitsbeiðanda til seljanda, dags. 28. maí 2015, að fjárhæð kr. 29.270, samtals kr. 49.270, sem samsvarar bótakröfu álitsbeiðanda í málinu.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda samanstanda af bréfi rituðu af starfsmanni verkstæðis þess er sá um að skipta um túrbínu í bifreið álitsbeiðanda. Í bréfinu kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi haft túrbínu frá seljanda undir höndum í einhvern tíma áður en ráðist var í að setja hana í bifreið hans. Var ástæða þessi sú að gamla túrbínan var ekki lélegri en svo að ekki lá mikið á að skipta henni út og var því sætt lags þegar álitsbeiðandi gat helst verið án bifreiðarinnar. Segir og í bréfinu að túrbínan frá seljanda hafi einfaldlega verið sett í bifreið álitsbeiðanda, beint upp úr kassanum, án þess að hafa verið skoðuð fyrirfram, þar sem ekki hafi verið talin ástæða til að kanna ástand hennar, enda hafi seljandi markaðssett sig sem fagaðila í sölu varahluta, en fagleg skoðun á túrbínunni hefði engu að síður átt að leiða í ljós að hún var ekki söluhæf. Telur bréfritari því með ólíkindum að seljandi hafi látið túrbínuna frá sér eins og ástatt var um hana. Strax eftir útskiptin hafi bifreiðinni verið reynsluekið og þá komið í ljós að ekki væri allt með felldu. Túrbínan var því tekin aftur úr og skoðuð. Kom þá í ljós að aðskotahlutur hafði farið í inntak túrbínunnar og blásturhjól í henni soghliðarmegin var stórskemmt. Ítrekar bréfritari að hann sé gáttaður á því sem hann segir ófagleg vinnubrögð af hálfu seljanda, að hafa ekki skoðað varahlutinn fyrir sölu hans, sérstaklega í ljósi þess að hluturinn mun hafa komið úr tjónabifreið. Er tekið fram að reikningur vegna ísetningar túrbínunnar sé enn ógreiddur þar sem ekki hafi verið ljóst hver ætti að greiða reikninginn.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi notaða túrbínu af seljanda hinn 28. ágúst 2014 fyrir kr. 69.000 þar sem fyrirséð var að túrbína í bifreið hans var orðin léleg, en þó ekki ónýt, og að skipta þyrfti henni út. Var það gert hinn 4. maí 2015 á verkstæði. Kom þá strax í ljós að hin keypta túrbína virkaði ekki sem skyldi. Álitsbeiðandi fór því fram á það við seljanda að félagið afhenti sér aðra túrbínu, sér að kostnaðarlausu, sem og að seljandi greiddi fyrir aukinn viðgerðarkostnað. Seljandi varð við því að útvega nýja túrbínu erlendis frá, en eftirlét álitsbeiðanda að greiða toll og sendingarkostnað vegna túrbínunnar. Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur sem nema tollgreiðslu, sendingarkostnaði og aukins viðgerðarkostnaðar, samtals kr. 49.270. Seljandi hefur hafnað kröfum hans, bæði með vísan til þess að ekki sé sýnt fram á að umrædd túrbína hafi verið haldin galla, sem og að frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla hafi verið löngu liðinn.

Óháð yfirlýsingum seljenda um ábyrgð í lengri eða skemmri tíma, með þeim skilyrðum sem seljendur setja í þeim yfirlýsingum, skilafresti, eða annað, geta neytendur skv. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup kvartað undan galla á söluhlut innan þeirra

tímamarka sem kveðið er á um í greininni, þ.e. eftir atvikum inna tveggja eða fimm ára skv. 2. mgr. 27. gr. Skv. 1. mgr. sömu greinar er það einnig skilyrði að neytendur beri fyrir sig galla án ástæðulauss dráttar frá því þeir urðu gallans varir. Sem fyrr segir eru lög nr. 48/2003, skv. 3. gr. laganna, ófrávikjanleg og geta því t.d. ætlaðir skilmálar seljanda um 14 daga skilafrest ekki haft nein áhrif á áðurnefnda tímafresti. Þá getur kærunefndin ekki fallist á að álitsbeiðandi hafi ekki kvartað undan galla við seljanda án ástæðulauss dráttar í skilningi 1. mgr. 27. gr. Í greininni kemur fram að frestur til að bera fyrir sig galla frá því að neytandi varð gallans var sé aldrei minni en tveir mánuðir. Rétt er að um 9 mánuðir liðu frá því álitsbeiðandi keypti túrbínuna og þar til hún var sett í bifreið hans og í ljós kom að hún virkaði ekki. Hins vegar er álitsbeiðandi ekki sérfræðingur í íhlutum bifreiða, og var honum því ómögulegt að verða gallans var, fyrr en varð, það er þegar túrbínan var sett í bifreiðina. Telur kærunefndin að það geti ekki falið það í sér að álitsbeiðandi hafi ekki kvartað innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir lýsing bifvélavirkja á túrbínunni og ástandi hennar og að það hafi legið fyrir að túrbínan var ónýt um leið og bifreiðinni sem túrbínan var sett í var reynsluekið. Taldi bifvélavirkinn að túrbínan hafi komið úr tjónabifreið og því verið löskuð. Þá er rétt að taka fram að seljandi pantaði aðra túrbínu fyrir álitsbeiðanda, honum, að hluta til, að kostnaðarlausu. Kærunefndin telur því engum vafa undirorpið að túrbína sú er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 28. ágúst 2014 hafi verið haldin galla í skilningi 16. gr. sbr. og 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá telur kærunefndin ekkert benda til þess að túrbínan hafi skemmst á þeim 9 mánuðum er álitsbeiðandi hafði hana undir höndum áður en hún var sett í bifreið hans.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur skv. 33. gr. laganna að fjárhæð kr. 49.270 er sú fjárhæð mun samsvara kostnaði álitsbeiðanda vegna ísetningar seinni túrbínunnar sem seljandi útvegaði, ásamt flutningskostnaði og tolli af sömu túrbínu. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi rétt á skaðabótum fyrir það tjón sem hann verður fyrir vegna galla á söluhlut samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 52. gr. laganna. Í 1. mgr. 52. segir m.a.:

„Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars sammingsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. [...]“

Samkvæmt greininni á álitsbeiðandi því rétt á skaðabótum vegna útgjalda sinna við að láta setja hina gölluðu túrbínu í bifreið sína, samtals kr. 49.270. Fellst kærunefndin því á bótakröfu álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X kr. 49.270.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir